

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Norðurbæjar, lóð nr. 10 við Þrúðvang.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 5. ágúst 2022 breytingu á skilmálum deiliskipulags Norðurbæjar vegna lóðarinnar Þrúðvangs 10. Erindið var grenndarkynnt 21. júní 2022 til 19. júlí 2022. Engar athugasemdir bárust.

Um er að ræða óverulega breytingu á skilmálum deiliskipulagsins sem varða byggingarmagn og nýtingarhlutfall lóðarinnar vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við húsið innan þess byggingarreits sem skilgreindur hefur verið á lóðinni í gildandi deiliskipulagi.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðaustur, Kelduhvammur 4.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 5. ágúst 2022 breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðaustur vegna lóðarinnar Kelduhvammur 4.

Um óverulega breytingu er að ræða sem ekki hefur áhrif á aðliggjandi lóðir. Samþykki með-eigenda lá fyrir og var því fallið frá grenndarkynningu, sbr. heimild 3. mgr. 43. og 44. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 15. ágúst 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**